

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ.**

1. gr.

*Almennt.*

Gjöld fyrir sorphirðu og sorpurðun eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

*Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er 16.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er 12.900 kr. á hverja íbúðareiningu.

4. gr.

*Aukatunna.*

Aukatunna kostar 14.000 kr. á hverja íbúðareiningu.

5. gr.

*Annað.*

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði nr. 342/2010 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ nr. 1251/2012 úr gildi.

Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 12. desember 2013.

*Hveragerði, 8. janúar 2014.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2014